

KYNNING Í VELFERÐARRÁÐI 22. APRÍL 2024

KYNNING Á SKÝRSLU STARFSHÓPS FRÁ MARS 2023 UM FYRIRKOMULAG ÞJÓNUSTU VEGNA OFBELDIS

ÞÓRA KEMP, SKRIFSTOFUSTJÓRI Á SKRIFSTOFU RÁÐGJAFAR

ISTANBÚLSAMNINGURINN

- Samningur Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi var undirritaður af íslenskum stjórnvöldum 11. maí 2011.
- Fjallað um skyldur samningsaðila til að tryggja vernd og stuðning gegn ofbeldi, með lagasetningu eða öðrum hætti
- Fullgiltur á Íslandi 9. maí 2018
- Á Íslandi er hvorki til lög né reglugerði sem tryggja með heildstæðum hætti vernd og stuðning við þolendur ofbeldis, né úrræði fyrir gerendur til þess að koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi og heimilisofbeldi í samræmi við ákvæði samningsins.
- Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra, skipaði starfshóp haustið 2022 til að skoða laga- og reglugerðaumhverfi þjónustu vegna ofbeldis og koma með tillögur til úrbóta

STARFSHÓPURINN

- Arndís Soffía Sigurðardóttir, formaður
- Drífa Jónasdóttir, heilbrigðisráðuneyti
- Eygló Harðardóttir, ríkislögreglusjóra
- Hjalti Ómar Ágústsson, Jafnréttisstofu
- (Kjartan Ólafsson) Varamaður: Hildur Sunna Pálmadóttir, dómsmálaráðuneyti
- Óli Ingi Ólason, ríkissaksóknara
- Þóra Kemp og Sara Lind Kristjánsdóttir, Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- (Tómas Ingi Adolfsson) Varamaður, Halldóra Dýrleif Gunnarsdóttir, mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar

ÞÓRA KEMP, SKRIFSTOFUSTJÓRI Á SKRIFSTOFU RÁÐGJAFAR

VÍÐTÆKT SAMRÁÐ

- Boð um að koma með tilögur og ábendingar sent á um 50 aðila, félagasamtök, fulltrúa atvinnulífs, trúfélög, stofnanir o.s.frv.
- Boð um að fylgja hugmyndum sínum eftir með viðtali við starfshópinn
- ofbeldi@frn.is fyrir hvern sem vildi senda starfshópnum ábeningar

GESTIR STARFSHÓPSINS

- Herdís Gunnarsdóttir og Íris Dögg Lárusdóttir, GEF
- Hildur Jónsdóttir, Sigurhæðum
- Hjördís Sigurbjartsdóttir, LRH
- Jón Þorsteinn Sigurðsson, Réttindagæslu fatlaðra
- Kristín Pálsdóttir og Þórunn Böðvarsdóttir, Rótinni
- Linda Dröfn Gunnarsdóttir, Samtök um kvennaathvarf
- Samráðhópur lögreglu- og félagsmálayfirvalda á Suðurnesjum
- Starfsfólk Bjarkarhlíðar

ÞÓRA KEMP, SKRIFSTOFUSTJÓRI Á SKRIFSTOFU RÁÐGJAFAR

GREVIO

Er eftirlitsnefnd Evrópuráðsins með innleiðingu Istanbúlsamningsins

- Fyrsta matsskýrsla fyrir Ísland haustið 2022. Í skýrslunni koma fram helstu niðurstöður eftirlitsnefndarinnar auk tilmæla til Íslands um hvað megi betur fara.
- Sambærilegar matsskýrslur GREVIO fyrir nágrannalöndin

GREVIO forgangsraðar ábendingum með 4 stigvaxandi áherslum

Ábendingar voru samtals 62

Þar af voru 15 ábendingar sem þörfnuðust tafarlausa aðgerða af hálfu íslenskra stjórnvalda af hálfu GREVIO

AÐGERÐAÁÆTLANIR STJÓRNVALDA GEGN OFBELDI

- Skoðaðar voru 11 aðgerðaáætlanir gegn ýmsum birtingarmyndum ofbeldis
 - Mikil vinna við undirbúning þeirra, kortlagningu og greiningu
 - Samráð haft við félagasamtök og hagsmunaaðila
 - Allur gangur á fjármögnun
 - Upplýsingar um stöðu verkefna ekki auðfundnar
 - Aðgerðaáætlanir sveitarfélaga

10. GR. ISTANBÚLSAMNINGSINS

- SAMRÆMINGARAÐILAR
- Samningsaðilar skulu koma á fót opinberum stofnunum sem bera ábyrgð á samræmingu, framkvæmd, eftirliti og mati á stefnu og ráðstöfunum til að berjast gegn öllum birtingarmyndum ofbeldis sem falla undir gildissvið samningsins.

SAMANTEKT

- Þjónusta við þolendur og gerendur kynbundins ofbeldis og heimilisofbeldis á Íslandi er ómarkviss, ósamræmd og skortur er á gæðastjórnun og eftirliti
- Nauðsynleg stefnumótun þarf að fara fram af hálfu stjórnvalda. Ákveða þarf með lögum hver beri ábyrgð á að veita viðeigandi þjónustu, skilgreina þarf hvaða þjónustu skuli veita og ákveða þarf hvernig fjármagna skuli þjónustuna
- Samræma þarf verklag og fylgja eftir innleiðingu á landsvísu
- Tryggja þarf upplýsingamiðlun á milli ólíkra þjónustuveitenda og stofnana

STARFSHÓPURINN LAGÐI FRAM 18 TILLÖGUR TIL ÚRBÓTA

- Sumar tillögurnar fjalla beinlínis um skipulag á þjónustu sem kalla á talsverðar kerfisbreytingar.
- Aðrar tillögur eru einfaldari í framkvæmd.

NIÐURSTÖÐUR STARFSHÓPSINS

- A. Forvarnir (*Prevention*)
- B. Vernd og stuðningur (*Protection*)
- C. Saksókn (*Prosecution*)
- D. Samræmd stefnumótun (*Coordinated policies*)

ÞÓRA KEMP, SKRIFSTOFUSTJÓRI Á SKRIFSTOFU RÁÐGJAFAR

FORVARNIR

* GREVIO HVETUR TIL TAFARLAUSRA AÐGERÐA

- 1) Fræðsluskylda verði fyrir fagaðila sem koma að þjónustu við þolendur og gerendur ofbeldis sem fellur undir Istanbúlsamninginn *
- 2) Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga verði gerendum tryggð viðeigandi þjónusta

VERND OG STUÐNINGUR (PROTECTION)

*** GREVIO HVETUR TIL TAFARLAUSRA AÐGERÐA**

- 1) Skýrt verði í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga að sveitarfélög beri ábyrgð á að þjónusta vegna kynbundins ofbeldis og heimilisofbeldis sé veitt, skilgreint verði til hverra þjónusta skuli ná og kveðið á um hver þjónustan skuli vera að lágmarki
- 2) Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga verði kveðið á um þverfaglegt samráð og samstarf opinberra aðila og annarra sem veita þjónustu vegna ofbeldis
- 3) Með lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga verði sveitarfélögum gert skylt að setja sér aðgerðaáætlun um þjónustu vegna kynbundins ofbeldis og heimilisofbeldis
- 4) Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga verði sveitarfélögum, hverju fyrir sig eða fleirum í samstarfi, gert skylt að tryggja þolendum heimilisofbeldis aðgang að athvarfi, óháð búestu

VERND OG STUÐNINGUR (PROTECTION)

* GREVIO HVETUR TIL TAFARLAUSRA AÐGERÐA

- 5) Frjálsum félagasamtökum og öðrum aðilum sem veita lögbundna þjónustu til þolenda og gerenda verði tryggð langtíma fjármögnun að uppfylltum kröfum um gæðaviðmið *
- 6) Tryggð verði ókeypis símaráðgjöf sem lágþröskulda úrræði óháð búsetu og efnahag, allan sólarhringinn *
- 7) Ákvæðum hjúskaparlaga nr. 31/1997 um skilnað berði breytt
- 8) Ákvæðum barnalaga nr. 78/2003 verði endurskoðuð m.t.t. skuldbindinga Íslands skv. Istanbúslamningnum

SAKSÓKN (PROSECUTION)

***GREVIO HVETUR TIL TAFALOUSRA AÐGERÐA**

- 1) Hlutverk réttargæslumanna verði skýrt og útvíkkað
- 2) Skýr ákvæði um heimild til verndar vitna í ofbeldismálum verði sett í lög um meðferð sakamála nr. 88/2008
- 3) Gefin verði út almenn fyrirmæli um vægari úrræði í tengslum við lög um nálgunarbönn og brottvísanir nr. 85/2011
- 4) Kveðið verði á um hvernig skuli ná markmiðum um betrun skv. lögum um fullnustu refsinga nr. 15/2018

SAMRÆMD STEFNUMÓTUN (COORDINATED POLICIES)

* GREVIO HVETUR TIL TAFARLAUSRA AÐGERÐA

- 1) Skylda til miðlunar upplýsinga á milli stofnana og þverfaglegs samráðs til verndar og stuðnings þolendum kynbundins ofbeldis og heimilisofbeldis og heimildir til þess verði færðar í lög *
- 2) Komið verði á fót sjálfstæðri ríkisstofnun sem fari með eftirfylgni með stefnu stjórnvalda í ofbeldismálum, greiningarvinnu, samhæfingu aðgerða, þróun verkferla ólíkra þjónustuveitenda og þekkingaröflun og fræðslu *
- 3) Komið verði á fót skilvirku og samræmdu eftirliti og mati á stefnum og aðgerðum sem heyra undir Istanbúlsamninginn og framkvæmd þeirra *
- 4) Tryggð verði samræmd söfnun og úrsvinnsla tölfræðiupplýsinga frá ólíkum þjónustuveitendum *

NÝR STARFSHÓPUR

- Ráðherra skipaði nýjan starfshóp í júlí 2023
- Hópnum var falið að skoða og meta hvaða laga- og reglugerðabreytinga er þörf til að koma tillögum fyrri hóps til framkvæmda, kostnaðarmeta tillögur starfshópsins og forgangsraða þeim.
- Hafa skal til hliðsjónarniðurstöður greiningar á stöðu þjónustmiðstöðva sem veita þolendum ofbeldis stuðning og ráðgjöf (greining að beiðni RLS í samvinnu við félags- og vinnumarkaðsráðherra og heilbrigðisráðherra).
- Starfshópurinn skal hafa víðtækt samráð við hagaðila og aðra sem koma að þjónustu við þolendur og gerendur ofbeldis.

TÍMAFRESTIR

- Starfshópurinn skilaði skýrslu í desember 2023 er varðar greiningu á laga- og reglugerðaverki, kostnaðarmati og forgangsröðun.
- Starfshópurinn á að auki að semja í samráði við hagaðila, frumvarp til breytinga á lögum og eftir atvikum drög að reglugerðarbreytingum sem skila átti til ráðherra 1. apríl 2024.
- Þessi vinna er ekki hafin og skýrslan frá því í desember 2023 er ekki orðin opinber þar sem ekki er búið að leggja hana fyrir ríkisstjórn.

LOKAORÐ

Kynbundið ofbeldi er hluti af birtingarmynd þess valda- og kynjakerfis sem við búum við. Þetta verður að hafa í huga í allri upplýsingamiðlun og þjónustu, bæði við þolendur og gerendur ofbeldis.

Konum er ekki aðeins hættara á að verða fyrir ofbeldi en körlum, heldur eru ákveðnir hópar í samfélaginu í meiri hættu en aðrir, t.d. fatlað fólk, fólk af erlendum uppruna, heimilislausir, hinsegin fólk, aldraðir, fólk í vændi og fólk með fíknivanda.

Þetta er nauðsynlegt að hafa í huga við skipulag þjónustu vegna ofbeldis.

takk fyrir!



Saman gegn ofbeldi – átak gegn heimilisofbeldi

- Samstarfsverkefni lögreglunar á höfuðborgarsvæðinu og sveitarfélaganna Kópavogs, Garðabæjar og Hafnarfjarðar um átak gegn heimilisofbeldis hófst árið 2015.
- Markmið samstarfsins var að auka við þekkingarmiðlun og bæta verklag til að taka á heimilisofbeldismálum í því skyni að tryggja öryggi íbúa á heimilum sínum, veita þolendum og gerendum betri þjónustu og bæta stöðu barna sem búa við heimilisofbeldi.



Bætt samstarf sveitarfélaganna felst í:

- Sameiginlegri bakvakt barnaverndar í sveitarfélögunum þremur sem sinnir útköllum vegna heimilisofbeldismála utan dagvinnutíma.
- Verklagsreglum vegna heimilisofbeldismála sem eru samræmdar milli sveitarfélaganna.
- Sameiginlegri fræðslu og fræðslufundum fyrir starfsfólk.
 - Hefur dottið upp fyrir í kjölfar covid.



Bætt samstarf lögreglu og starfsfólks Kópavogs, Hafnarfjarðar og Garðabæjar felst í því að:

- Á dagvinnutíma fer starfsmaður barnaverndar eða félagsþjónustu, fyrir 18 ára og eldri, í viðkomandi sveitarfélagi í útkall með lögreglu vegna heimilisofbeldis.
- Utan dagvinnutíma fer starfsmaður sameiginlegrar bakvaktar barnaverndar í sveitarfélögunum þremur með lögreglu í útkall ef barn er á heimili.
 - Hann fer einnig á vettvang þó ekkert barn sé á heimilinu ef þolandi óskar eftir þjónustu félagsráðgjafa.
- Á dagvinnutíma mætir félagsráðgjafi með þolanda á lögreglustöð vegna skýrslutöku og veitir stuðning ef þörf er á.
- Málum á að fylgja eftir með símtali og eftirfylgniheimsókn.
- Tengiliðir lögreglunnar í hverju sveitarfélagi miðla reglulega upplýsingum um öll heimilisofbeldis- og ágreiningsmál til viðkomandi barnaverndar eða félagsþjónustu.



Verklagsreglur um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála hjá lögreglu

- Ríkislögreglustjóri gefur út verklagið og það er endurskoðað reglulega.
- <https://dev.logreglan.is/wp-content/uploads/2019/06/Verklagsreglur-um-heimilisofbeldi-13.09.2018.pdf>
- Er í samræmi við verklag í verkefninu Saman gegn ofbeldi.



Saman gegn ofbeldi áframhaldandi þróun

- Á vormánuðum 2024 er stefnt að samráðsfundi Garðabæjar, Hafnarfjarðar og Kópavogs til að fara yfir samstarfið og meta hvort gera þurfi breytingar.
 - Metin verður þörf fyrir sameiginlegan fund með lögreglu eða þörf fyrir aðkeypta fræðslu fyrir starfsfólk sveitarfélaganna.
- Verklag innan velferðarsviðs Kópavogs verður endurskoðað og skýrt betur ásamt því að vinnulýsing verður sett í gæðakerfi bæjarins.